

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 3. júní kl. 09:05, var haldinn 109. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Vindheimum. Viðstaddir voru: Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Stefán Benediktsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Sigurður Ingi Jónsson, og Svavar Helgason áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Stefán Finnsson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufunda skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 29. maí 2015.

2. **Holtavegur 23, Langholtsskóli, breyting** (01.430.1) Mál nr. SN150066
á deiliskipulagi
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 6. febrúar 2015 ásamt tillögu umhverfis- og skipulagssviðs varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 23 við Holtaveg. Í breytingunni felst að koma fyrir byggingarreitum fyrir færanlegar kennslustofur á suðvestur- og suðausturhluta lóðar sunnan við álmu C og fjarlægja byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur í norðausturhluta lóðar, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. febrúar 2015. Einnig er lagt fram umboð eigna og atvinnuþróunar dags. 9. febrúar 2015. Tillagan var auglýst frá 2. mars til og með 13. apríl 2015. Engar athugasemdir bárust. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd/ábending frá Hrafnhildi Brynjólfssdóttur dags. 14. apríl 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2015.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2015.

Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Freyjubrunnur 33, breyting á** Mál nr. SN140542
deiliskipulagi
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf, Hraunbrún 30, 220 Hafnarfjörður

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Mansard - Teiknistofu ehf. dags. 14. október 2014 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 33 við Freyjubrunn. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli og fjölgun íbúða, samkvæmt uppdr. Mansard - Teiknistofu ehf. dags. 26. ágúst 2014. Tillagan var auglýst frá 7. apríl til og með 19. maí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Frank M. Michelsen dags. 18. maí 2015 og Axel Guðni Úlfarsson dags. 18. maí 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2015.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. maí 2015 með sex atkvæðum fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur, fulltrúa samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Stefáns Benediktssonar, fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar, fulltrúa sjálfstæðisflokksins Júlíusar Vífils Ingvarssonar og Áslaugar Maríu

*Friðriksdóttur. Fulltrúi Framsóknarflokks- og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sat hjá afgreiðslu málsins.
Vísað til borgarráðs.*

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Hraunbær 103-105, nýtt deiliskipulag (04.331.1) Mál nr. SN150168

Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi lóðarinnar nr. 103-105 við Hraunbæ. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir stækkun deiliskipulagssvæðis til vesturs þar sem heimilt verði að reisa 6-10 hæða byggingu með um 50 íbúðir fyrir eldri borgara, samkvæmt uppdrætti Guðmundar Gunnlaugssonar ark. dags. 30. apríl 2015. Uppbyggingin er í samræmi við áherslur um þéttingarsvæði Þ85 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-20130. Einnig er lagður fram skýringaruppdráttur dags. 24. mars 2015.
Frestað.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Skipholt 70, breyting á deiliskipulagi (01.255.2) Mál nr. SN150087
580293-3449 Rok ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
710178-0119 Teiknistofan Arkitektar ehf, Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Roks ehf. dags. 10. febrúar 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bólstaðarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 70 við Skipholt. Í breytingunni felst hækkun hússins um eina inndregna hæð, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar arkitektar ehf. dags. 29. apríl 2015. Einnig er lagt fram samþykki þinglýstra eigenda húsnæðis að Skipholti 70, ódags.
Kynnt.

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

6. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 829 frá 2. júní 2015.

Áslaug María Friðriksdóttir vísar af fundi kl 11::05, Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma þá var einnig búið að kynna mál nr. 12 á dagskránni.

7. Sogavegur 3, Viðbygging (01.810.-98) Mál nr. BN049016
440110-0100 Fiskikóngurinn ehf, Sogavegi 3, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2015 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta viðbyggingu á suðurhlíð sem verður kæliklefi í atvinnuhúsi á lóð nr. 3 við Sogaveg. Erindi var grenndarkynnt frá 26. mars til og með 23. apríl 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Rannveig Jónsdóttir dags. 19. apríl 2015 ásamt athugasemd við fyrri kynningu, Ingi Leifsson og Jónas Leifsson dags. 22. apríl 2015 og Baldur Ingvi Jóhannsson mótt. 22. apríl 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. maí 2015.
*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Lilja Grétarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

8. **Sorpa, heimboð** Mál nr. US150132

Kynnt dagskrá heimsóknar umhverfis- og skipulagsráðs til aðalstöðva Sorpu í Álfsnesi miðvikudaginn 10. júní nk.
Kynnt.

9. **Ártún, hitun strætóskýla** Mál nr. US150133
(USK2015050035)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 20. maí 2015 þar sem lagt er til að á þessu ári verði tekinn fyrir fyrsti áfangi hitunar strætóskýla við Ártún, sem felst í lagningu aðkomutengingar og undirbúning hitunar leiða að skýlunum.
Samþykkt.

10. **Smiðjustígur, tillaga að endurbótum á götu** Mál nr. US150136
(2015030087)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 1. júní 2015 þar sem lagt er til að gerðar verði endurbætur á Smiðjustíg á milli Laugavegar og Hverfisgötu, samkvæmt tillögu Landhönnunar dags. 19. maí 2015.
Samþykkt.

(C) Fyrirspurnir

11. **Vesturgata 6-10A, (fsp) almenning- og gistirými á jarðhæð** (01.132.1) Mál nr. SN150296
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Freys Frostasonar dags. 21. maí 2015 um að nýta jarðhæð hússins á lóð nr. 6-10A við Vesturgötu fyrir almennings- og gistirými, samkvæmt tillögu ódags.
Neikvætt.

Fulltrúar Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúar samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Stefán Benediktsson og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson lögðu fram eftir farandi bókun.

“Í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030 um virkar götuhliðar verður ekki fallist á gistirými á jarðhæð að Vesturgötu 6-10A.”

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Suðurlandsbraut 68 og 70, (fsp)** (01.471) Mál nr. SN140027
sameining lóða o.fl.
681013-0910 Íbúðir eldri borgara í Mörk ehf, Hringbraut 50, 101 Reykjavík

Á fundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2015 var lögð fram fyrirspurn Íbúða eldri borgara í Mörk ehf. dags. 22. janúar 2014 varðandi sameiningu lóðanna nr. 68 og 70 við Suðurlandsbraut, aukningu á byggingarmagni og stækkun lóðarinnar, samkvæmt uppdráttum og greinargerð Glámu-Kím dags. 21. janúar 2014. Einnig er lagt fram minnisblað Íbúða eldri borgara í Mörk ehf. dags. 22. janúar

2014. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. febrúar 2014, uppfærðir uppdættir Glámu Kím mótt. 7. maí 2015 og bréf framkvæmdastjóra IEB ehf dags 6. maí 2015.

Bréf framkvæmdastjóra IEB dags. 3. júní 2015 lagt fram á fundinum.

Fulltrúi Glámu-Kím Sigbjörn Kjartansson og fulltrúi Íbúða eldri borgara í Mörk ehf. Gísli Páll Pálsson kynna.

Lilja Grétarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið

13. **Ellidabraut 8-10 og 12, (fsp) breyting á** (04.772.3) Mál nr. SN140653
notkun lóðar
660505-2100 MótX ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur

Lögð fram fyrirspurn MótX ehf. dags. 1. desember 2014 varðandi mögulegar breytingar á aðalskipulagi Ellidabrautar 8-10 og 12 sem felst í að lóðin verði nýtt undir íbúðir í stað léttis iðnaðar, samkvæmt tillögu Atelier arkitekta dags. mars 2015 að fyrirkomulagi íbúðarbyggðar.

Kynnt.

Lilja Grétarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið

(D) Ýmis mál

14. **Laugardalur, Secret Solstice,** Mál nr. US150146
framlenging á dagskrá á útisvæðum
440299-2969 Solstice Productions ehf., Síðumúla 1, 101 Reykjavík

Lagður fram tölvupóstur Friðriks Ólafssonar dags. 27. maí 2015 varðandi framlengingu á dagskrá útihátíðarinnar Secret Solstice Festival í Laugardalnum til kl. 23:30 á útisvæðum.

Frestað.

Óskað er eftir umsögn hverfisráðs Laugardals.

15. **Dýrahald á opinberum stöðum, tillaga** Mál nr. US150134
um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga um
dýrahald á opinberum stöðum
(USK2015050053)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. maí 2015 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 19. maí 2015 á svohljóðandi tillögu "Borgarstjórn samþykkir að beina þeim tilmælum til ríkisvaldsins að rýmka reglur um hollustuhætti og matvæli svo það sé hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvernig það kys að haga reglum um á hvaða stöðum sé leyfilegt að hafa dýr, svo sem á kaffihúsum, veitingastöðum, líkamsræktastöðvum, samkomuhúsum o.s.frv. Það er réttlætismál að sveitarfélög hafi svigrúm gagnvart eigendum slíkra staða að leyfa dýrahald ef þeir óska."

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

16. **Fegrunarnefnd, skipan** Mál nr. SN150304
fulltrúa/tilnefningar 2015

Skipan fulltrúa í vinnuhóp sem gerir tillögu að viðurkenningum fyrir lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja/stofnana og vegna endurbóta á eldri húsum árið 2015.

Tilnefning umhverfis- og skipulagssviðs samþykkt.

17. **Betri Reykjavík, hreinsa til í** Mál nr. US140205

Öskjuhlíðinni (USK2014110037)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram fimmta efsta hugmynd októbermánaðar úr flokknum umhverfismál "hreinsa til í Öskjuhlíðinni" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 7. nóvember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu dags. 1. júní 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu dags. 1. júní 2015 samþykkt.

18. **Betri Reykjavík, snjóruðningur** Mál nr. US150137
(USK2015060002)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum framkvæmdir "snjóruðningur" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, rekstur og umhirða borgarlands.

19. **Betri Reykjavík, nýta Sundlaugatún við** Mál nr. US150138
Vesturbæjarlaug enn betur til útivistar
sem grænt svæði (USK2015060003)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum skipulag "nýta Sundlaugatún við Vesturbæjarlaug enn betur til útivistar sem grænt svæði" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

20. **Betri Reykjavík, spurvagnar án spora** Mál nr. US150139
eða kapalvagnar (USK2015060004)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram önnur efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum samgöngur "spurvagnar án spora eða kapalvagnar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

21. **Betri Reykjavík, strætó hefji akstur 3** Mál nr. US150140
tímum fyrir á sunnudögum
(USK2015060006)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram fimmta efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum samgöngur "strætó hefji akstur 3 tímum fyrir á sunnudögum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

22. **Betri Reykjavík, betri samgöngur í** Mál nr. US150141
strætó frá Grafarvogi til Mosfellsbæjar
(USK2015060007)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram þriðja efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum samgöngur "betri samgöngur í strætó frá Grafarvogi til Mosfellsbæjar" sem tekið var af

samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur

23. **Betri Reykjavík, bæta við strætóferðum** Mál nr. US150143
svo nemendur í HR og HÍ komist í skóla
(USK2015060009)

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram fjórða efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum samgöngur "bæta við strætóferðum svo nemendur í HR og HÍ komist í skóla" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur

24. **Betri Reykjavík, meiri gróður í bert og** Mál nr. US150142
opið land Úlfarsárdals
(USK2015060008)

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum umhverfismál "meiri gróður í bert og opið land Úlfarsárdals" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

25. **Laugavegur 12B og 16, kæra 38/2015** (01.171.4) Mál nr. SN150308
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. maí 2015 ásamt kæru dags. 24. maí 2015 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna lóða nr. 12B og 16 við Laugaveg.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

26. **Ferjuvað 1-3, kæra 26/2015, umsögn** (04.731.5) Mál nr. SN150303
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 17. apríl 2015 ásamt kæru þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa á samþykki um breytingar á bílastæði B-17 í bílageymslu við Ferjuvað 1-3 í Reykjavík, ásamt lokaúttekt á húsinu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 27. maí 2015.

27. **Rauðagerði 39, kæra 25/2015, umsögn** (01.821.3) Mál nr. SN150302
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. apríl 2015 ásamt kæru vegna synjunar byggingarfulltrúans í Reykjavík 17. mars 2015 á reyndarteikningu fyrir Rauðagerði 39. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 22. maí 2015.

28. **Sólheimar 27, kæra, umsögn, úrskurður** (01.433.5) Mál nr. SN110313
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipul/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, dags. 15. júlí 2011, ásamt kæru vegna endurnýjunar byggingarleyfis fyrir framkvæmdum tengdum lokun svala á 2.-10. hæð hússins að Sólheimum 27. Einnig er lögð fram umsögn lögfræði og stjórnsýslu dags. 21. sept. 2011. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. maí 2015.

Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.

29. **Tryggvagata 10, kæra 79/2014, umsögn,** (01.132.1) Mál nr. SN140470
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. ágúst 2014 ásamt kæru, ódags. vegna synjunar afgreiðslufundar byggingarfulltrúa þ. 24. júní 2014 á umsókn um leyfi til að setja auglýsingaskilti á hús á lóð nr. 10 við Tryggvagötu. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 2. september 2014. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. maí 2015. *Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.*

30. **Mosgerði 7, kæra 9/2015, umsögn,** (01.815.5) Mál nr. SN150064
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 2. febrúar 2015 ásamt kæru vegna óhæfilegs dráttar máls vegna óleyfisframkvæmda í kjallaraíbúð á lóð nr. 7 við Mosgerði. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 3. febrúar 2015. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. maí 2015. *Úrskurðarorð: Kröfu kæranda er vísað frá nefndinni.*

31. **Mosgerði 7, kæra 20/2015, umsögn,** (01.815.5) Mál nr. SN150166
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 20. mars 2015 ásamt kæru þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa um að beita ekki þvingunarúrræðum vegna óleyfisframkvæmda í kjallaraíbúð á lóð nr. 7 við Mosgerði, Reykjavík, á þeim grundvelli að ekki hafi verið um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir að ræða. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 20. apríl 2015. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. maí 2015. *Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.*

32. **Kvosin, Landsímareitur, kæra 108/2013, umsögn, afturköllun** (01.140.4) Mál nr. SN130539
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 11. nóvember 2013 ásamt kæru dags. 8. nóvember 2013 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkurborgar að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar - Landsímareits. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 27. desember 2013. Lagt fram bréf forseta Alþingis til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem kæran er afturkölluð og bréf forseta Alþingis dags. 28. maí 2015 til borgarstjóra Reykjavíkur varðandi afturköllun kærunnar.

33. **Reykjavíkurflugvöllur, Frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál** Mál nr. US150118

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 26. maí 2015 vegna samþykktar borgarráðs frá 21. maí 2015 á umsögn skipulags- og byggingarsviðs vegna frumvarps til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurflugvelli, sbr. þingskjal 478, 361. þingmál.

34. **Kjalarnes, Esjuberg, lóð undir dreifistöð Orkuveitur Reykjavíkur** Mál nr. SN150230
551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. maí 2015 vegna samþykktar borgarráðs frá 28. maí 2015 um stofnun lóðar undir dreifistöð í landi Esjubergs á Kjalarnesi.
35. **Kjalarnes, Esjuhlíðar, lóð undir dreifistöð Orkuveitu Reykjavíkur** Mál nr. SN150248
551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. maí 2015 vegna samþykktar borgarráðs frá 28. maí 2015 um stofnun lóðar undir dreifistöð í landi Esjuhlíðar á Kjalarnesi.
36. **Kjalarnes, Saltvík, lóð undir dreifistöð Orkuveitu Reykjavíkur** Mál nr. SN150264
551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. maí 2015 vegna samþykktar borgarráðs frá 28. maí 2015 um stofnun lóðar undir dreifistöð í landi Saltvíkur á Kjalarnesi.
37. **Kjalarnes, Móavík, lóð undir dreifistöð Orkuveitur Reykjavíkur** Mál nr. SN150229
551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. maí 2015 vegna samþykktar borgarráðs frá 28. maí 2015 um stofnun lóðar undir dreifistöð í landi Móavíkur á Kjalarnesi.
38. **Heiðmörk, Vatnsendakrikar, Strípsvegur, lóðir fyrir lokahús** Mál nr. SN150228
551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. maí 2015 vegna samþykktar borgarráðs frá 28. maí 2015 um stofnun tveggja lóða fyrir lokahús að Strípsvegi, Vatnsendakrikum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:30

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð.

Magnea Guðmundsdóttir
Stefán Benediktsson
Júlíus Vífill Ingvarsson
Sigurður Ingi Jónsson

Kristín Soffía Jónsdóttir
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 2. júní kl. 10:35 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 829. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Björn Kristleifsson, Harri Ormarsson og Eva Geirsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Austurgerði 1** (01.837.301) 108658 Mál nr. BN049479
101064-2209 Van Nhang Nguyen, Austurgerði 1, 108 Reykjavík
080570-2289 Hoa Thi Nguyen, Austurgerði 1, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að saga gat í steypant útvegg á suðurhlíð kjallara og setja glugga í gatið á einbýlishúsi á lóð nr. 1 við Austurgerði.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 20.5 2015 fylgir.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
- Baldursgata 16** (01.186.202) 102231 Mál nr. BN049354
680289-1079 Bú ehf., Baldursgötu 14, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi íbúðar 0301 og byggja svalir á suðurhlíð (bakhlið) þakhæðar, sbr. erindi BN047413 frestað dags. 1.4. 2015, einnig er sótt um leyfi til að byggja svalir og stiga ofan í garð frá íbúð á 1. hæð fjölbýlishússins á lóðinni nr. 16 við Baldursgötu.
Meðfylgjandi er yfirlýsing hönnunarstjóra dags. 15.4. 2015.
Gjald kr 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Bergþórugata 14A** (01.192.017) 102523 Mál nr. BN049476
070456-5839 Oddur Guðjón Pétursson, Reykjahlíð 12, 105 Reykjavík
Sótt er um samþykki á breytingum á erindi BN049143 sem felast í að salarhæðir á 1., 2. og 3. hæð eru leiðréttar í húsi á lóð nr. 14A við Bergþórugötu.
Stærðir: 279,4 ferm., óbreytt frá fyrra erindi., 772,3 rúmm. skv. áður samþykktu erindi 782,1 rúmm. minnkun 9,8 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Bergþórugata 23** (01.190.326) 102458 Mál nr. BN049455
691191-1099 ÁF-Hús ehf, Bæjarlind 4, 201 Kópavogur
671102-3040 Kaffihúsið ehf., Bergþórugötu 23, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu með kjallara og risi, innréttar þrjár nýjar íbúðir og til að gera tvennar svalir á rishæð húss á lóð nr. 23 við Bergþórugötu.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 19. maí 2015.
Stækkun: xx ferm.,xx rúmm.

Gjald kr. 9.823
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. **Bíldshöfði 18** (04.065.002) 110672 Mál nr. BN049483
680607-0600 Dansskóli Ragnars ehf, Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík
591296-2139 Höfðasetrið ehf, Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík
Sótt er um samþykki á teikningum af 3. hæð vegna hönnunar brunavarna og nýrri skráningartöflu fyrir hús á lóð nr. 18 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. **Bíldshöfði 9** (04.062.001) 110629 Mál nr. BN049126
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 1. og 2. hæð þar sem fjarlægð hafa verið milliloft og veggir í mhl. 01 í húsinu á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.
Bréf frá hönnuði dags. 6. apríl og 24. apríl 2015 og umboð vegna byggingarleyfisumsóknar dags. 27. mars 2015 fylgir.
Minnkun millilofta: 168,0 ferm. og fjölgun á brúttórúmm. 536,2 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Þinglýsa skal eignaskiptayfirlýsingu vegna lóðar eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. **Blómvallagata 11** (01.162.340) 101313 Mál nr. BN049006
510991-2309 Blómvallagata 11, húsfélag, Blómvallagötu 11, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á austurhlið allra íbúða, koma fyrir eldvarnarhurðum milli stigahúss og íbúða, fjarlægja skorstein byggja kvist á götuhlið og breyta innra skipulagi íbúðar á 4. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 11 við Blómvallagötu.
Erindi fylgir ástandsskoðun húss frá verkfræðistofunni Eflu dags. 1. júlí 2013, allsherjarumboð frá eiganda íbúðar 0302 dags. 2. febrúar 2011, samþykki meðeigenda ódagsett og bréf hönnuðar dags. 27. maí 2015. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. maí 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2015. Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað er til uppdráttar dags. 10. mars 2015.
8. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN049347
450613-2580 Höfðahótel ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um samþykki á áður gerðum breytingum þar sem gerð er grein fyrir breytingum sem orðið hafa á byggingartíma, m. a. hefur lyftuhús hækkað um 140 cm., innréttingu heilsuræktar í kjallara er frestað og fyrirkomulagi 1. hæðar er breytt í hóteli, S2 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.
Erindi fylgir brunahönnun frá Verkís, 4. útgáfa, maí 2015.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

9. **Brautarholt 22** (01.250.101) 103421 Mál nr. BN049302
590269-0189 Skeifan ehf., Tjarnargötu 40, 101 Reykjavík
Sótt er um samþykki á þegar gerðum breytingum sbr. erindi BN020225 dags. 24.2. 2000, breytingarnar felast aðallega í að anddyri hefur verið breytt og þar bætt við skrifstofu í hóteli á lóð nr. 22 við Brautarholt.
Meðfylgjandi er minnisblað dags. 20.3. 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
10. **Brávallagata 26** (01.162.338) 101311 Mál nr. BN049235
160283-5649 Gunnar Sigurðsson, Brávallagata 26, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 26 við Brávallagötu. Erindi fylgir jákvæð fsp. BN049007 dags. 17. mars 2015 og samþykki meðeigenda dags. 14. apríl 2015.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. maí 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2015. Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
Málinu vísad til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísad er til uppdráttar nr. 1.01 og 1.02 dags. 14. apríl 2015.
11. **Bæjarháls 1** (04.309.601) 190769 Mál nr. BN049419
501213-1870 Orkuveita Reykjav - Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir minniháttar breytingum innanhúss á rými kerfisstjórnar/stjórnstöðvar, m. a. breyta fyrirkomulagi innveggja og brunahólfun endurskoðuð á 1. hæð höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur á lóð nr. 1 við Bæjarháls.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
12. **Drápuhlíð 11** (01.702.218) 107062 Mál nr. BN049485
210362-4529 Hannes Guðmundsson, Laugarásvegur 9, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að saga gat á útvegg og koma fyrir hurð úr kjallaraífbúð 0001 út í garða í fjölbýlishúsi nr. 11 á lóð nr. 11-13 við Drápuhlíð.
Meðfylgjandi er bréf umsækjanda dags. 18.5. 2015, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 22.5. 2015 og samþykki meðeigenda ódags.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
13. **Drápuhlíð 13** (01.702.219) 107063 Mál nr. BN049510
210362-4529 Hannes Guðmundsson, Laugarásvegur 9, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að saga gat á útvegg og koma fyrir hurð úr kjallaraífbúð 0001 út í garða í fjölbýlishúsi nr. 13 á lóð nr. 11-13 við Drápuhlíð.
Meðfylgjandi er bréf umsækjanda dags. 18.5. 2015, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 22.5. 2015 og samþykki meðeigenda ódags.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
14. **Dugguvogur 10** (01.454.002) 105618 Mál nr. BN049488
551206-0680 Scanver ehf, Dugguvogi 10, 104 Reykjavík
710589-1009 Scanhús ehf, Dugguvogi 10, 104 Reykjavík

Sótt er um samþykki á þegar gerðum breytingum og lagfæringum á innra skipulagi vegna brunavarna í húsi á lóð nr. 10 við Dugguvog.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

15. **Fannafold 120-122** (02.854.402) 110043 Mál nr. BN049484
190274-3739 Sigurður Ófeigsson, Fannafold 120, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjarlægja glugga og múra upp í gatið á vegg milli stofu og geymslu á 1. hæð í parhúsi á lóð nr. 120 við Fannafold.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
16. **Faxafen 5** (01.463.301) 105673 Mál nr. BN049487
681211-0630 SRE-Fax5 ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík
Sótt er um samþykki á ýmsum breytingum vegna lokaúttektar á húsi á lóð nr. 5 við Faxafen.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
17. **Fornhagi 1** (01.546.102) 106502 Mál nr. BN049489
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að síkka glugga í kjallara og gera Hagaskólann að einum matshlut á lóð nr. 1 við Fornhaga.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
18. **Fossagata 6** (01.636.709) 106735 Mál nr. BN049336
140880-3379 Hrefna Rósa Jóhannsd. Sætran, Fossagata 6, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að endurnýja og portbyggja þak og byggja nýtt bíslag við einbýlishús á lóð nr. 6 við Fossagötu.
Stærðir og stækkun. Fyrir ferm., rúmm. + stækkun = eftir. xx D8 og D11
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
19. **Friggjarbrunnur 53** (02.693.103) 205831 Mál nr. BN049511
670513-0170 RED ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka gólfkóta í kjallara mhl. 01 um 52,5 cm vegna legu lands og til að lækka 4. hæð mhl. 02., 03. og 04 um 17,5 cm, sjá erindi BN048621 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 53 við Friggjarbrunn.
Minnkun: xx rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Milli funda.
20. **Gljúfrasel 11** (04.933.301) 112849 Mál nr. BN049192

200262-3799 Gunnar Þór Gunnarsson, Gljúfrasel 11, 109 Reykjavík
281265-4079 Bryndís Björk Guðjónsdóttir, Gljúfrasel 11, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalalokun á íbúð 01 0201 á suðvesturhlið hússins á lóð nr. 11 við Gljúfrasel.

Stækkun vegna svalalokunar er 7,8 ferm., 19,9 rúmm.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

21. **Grandagarður 15-37** (01.115.001) 100045 Mál nr. BN049421

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

540809-0110 Matarbúrið ehf, Hálsi 1, 270 Mosfellsbær

Sótt er um að innrétta kjötverslun í verbúð á lóð nr. 29 við Grandagarð.

Gjald kr. 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

22. **Grandagarður 15-37** (01.115.001) 100045 Mál nr. BN049446

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

470492-2369 Jens Guðjónsson ehf, Síðumúla 35, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta skartgripaverslun og verkstæði í einingu nr. 31, mhl. 9, í fyrirverandi verbúð á lóð nr. 15-37 við Grandagarð.

Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 29. maí 2015 fylgir erindinu.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

23. **Grandagarður 2** (01.115.301) 100058 Mál nr. BN049414

511214-1220 1486 ehf., Grandagarði 2, 101 Reykjavík

Sótt er um samþykki á uppfærðri grunnmynd sbr. erindi BN048750 fyrir Alliance húsið á lóð nr. 2 við Grandagarð.

Gjald kr. 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. **Haukdælbraut 5-9** (05.113.803) 214785 Mál nr. BN049439

690102-3150 Gæðahús ehf., Hverafold 8, 112 Reykjavík

Sótt er um samþykki á þegar gerðum breytingum sem felast í að þvottahúsi og geymslu er breytt í nr. 5, anddyri breytt í nr. 7 og gestasnyrtingu breytt í nr. 9 í raðhúsi á lóð nr. 5-9 við Haukdælbraut.

Gjald kr. 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

25. **Hólavað 29-43** (04.741.302) 198826 Mál nr. BN049373

